

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar, Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Guðmundar P. Bjarnasonar, Akranesi.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja nemendur til að stunda nám sitt vel og ná góðum árangri.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, tilnefndir til 5 ára í senn. Tveir skulu tilnefndir af rektor Háskóla Íslands og einn varamaður.

Forstjóri Kaupþings hf. í Reykjavík tilnefnir einn mann í stjórnina og einn varamann.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru verðbréf og peningar í vörslu Kaupþings hf. í Reykjavík, að upphæð kr. 20.000.000, tuttugu milljónir króna að núvirði. Höfuðstólinn má ekki skerða. Miða skal við lánskjaravísitölu.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera hluti af árlegum vöxtum og arði af eignum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kaupþings hf. í Reykjavík, sem ávaxtar hann á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, og annast reikningshald hans, undir stjórn sjóðsins.

8. gr.

Er kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins hefur verið greiddur af árlegum vöxtum hans, skal skipt því sem eftir er af vöxtunum í 2 jafna hluti, annan hlutinn skal færa inn á höfuðstólinn, en hinum varið til að verðlauna efnilega nemendur í eðlisfræði og efnafræði í Háskóla Íslands.

9. gr.

Peningaverðlaun skulu veitt árlega er nemendur í eðlisfræði og efnafræði verða brautskráðir kandidatar frá Háskólanum. Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinn árið 1998.

10. gr.

Ef enginn nemandi í þessum námsgreinum lýkur prófi, eða stjórn sjóðsins álitur engan þeirra hæfan til verðlauna, rennur upphæðin til stofnsjóðsins það árið.

11. gr.

Reikningsárið skal vera almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af skoðunarmönnum, tilnefndum af stjórn sjóðsins.

12. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að breyta skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður, og skulu þá eignir hans renna til skólamála á Akranesi.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 20. febrúar 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. apríl 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 251

16. apríl 1997

## REGLUGERÐ

### um bann við sölu á munntóbaki og fínkornóttu neftóbaki.

1. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak.

Með fínkornóttu neftóbaki er átt við neftóbak þar sem að minnsta kosti helmingur korna er minni en 0,5 mm að þvermáli.

2. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Með skrotóbaki er átt við munntóbak sem er tuggið, er í bitum en ekki kornum. Skro er ekki í grisjum.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með því að ákvæði reglugerðar þessarar séu virt.

4. gr.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 74/1984, sbr. lög 101/1996 um tóbaksvarnir.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 8. sbr. 16. gr. laga nr. 74/1984, sbr. breytingu nr. 101/1996 og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið hvað eftirlit heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ríkisins varðar, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. apríl 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Sólveig Guðmundsdóttir.*